

NYTJASKART

Sýning sem Íslenzkur heimilisíðnaður stendur að

betra að eiga við þennan hól í dumbungi. Sjáið þið beitibuskuna. Hún er síðsumarsblóm; stendur kannski út september. Viljið þið hnetur, bræður?

Hann tók hnetupoka upp úr vasa sínum og henti til okkar. — Það er gott að borða hnetur, sagði hann og markaði fyrir mosapembu neðan við hólinn. Sjálfur neyti ég einskis meðan ég vinn. Ekki einu sinni sherry eða hangikjöt. Maður má ekki leyfa sér allt. Eruð þið eitthvað að læðast?

Hann fór að raula og smurði á léreftið með fingrunum jafnt sem penslinum. Skugginn af honum féll á léreftið þar sem hann var að mála, en það virtist ekki trufla hann neitt. Hann hætti að raula og sagði:

— Einu sinni vildu myndirnar verða í þrem hlutum hjá manni: forgrunnur, miðjan og fjarlægðin, hvað út af fyrir sig. Það kostaði óskaplega vinnu að fá þessa þrjá hluta til að falla saman í heild.

— Hvernig ætlaðu að fá himininn í þessari mynd til að falla saman við það, sem kemur fyrir neðan?

— Það verður vandamál. Ég leysi það ekki hér. Nú fer ég heim með þetta og kannski verður eitthvað úr þessu hjá manni. Ég á nákvæma teikningu af hólunum. Nú gerði ég skakkt, ég má ekki hafa þennan lit hér. Mikið er þetta ógeðslega ljótt hjá mér. Eruð þið ekki alveg búnir að missa trúna á mér, piltar? Eruð þið ekki hroðalega skúffabir?

Það var bara verst að taka hann Ísleif ekki með. Heyrðu ritstjóri, geturðu ekki haft hann Ísleif á baksíðunni. Hann málar svo fína hvítabirni. Maður á að reyna að láta gott af sér leiða.

Sólin var komin vestur á himininn og blikan, sem þar var, dró úr skörpustu birtunni og gerði skuggana ógreinilegri. Ljósmyndarinn var búinn með filmurnar sínar.

— Nú hættum við þessu, sagði Kjarval. Hatturinn var kominn einn hring og sneri nú orðið rétt. Hann lagði krossviðartöskuna saman, pakkaði litunum inn í skyrtuna og lagði tvistin á sinn stað í sprunguna.

— Halda á þessu fyrir mig, bílstjóri. Finimann, finimann.

— ○ —

— Við þurfum póló að drekka, sagði meistarinn, þegar við komum á Kópavogsháls. En það var ekki til póló heldur aðeins sínalkó eða kók. Það varð að hafa það. Þá sneri hatturinn orðið öfugt aftur. Nokkrir smástrákar lögðust á rúðuna hjá Kjarval og mændu á hann. Þá gretti hann sig og því var vel fagnað.

— Bílstjóri, sagði Kjarval, — fáðu þessum börnum peninga fyrir drykkelsi. Þessir ungu menn eru svo efnilegir. Líka málararnir. Þeir eru séni. Skilja allt svo vel.

Strákarnir komu aftur hlaupandi og bönkuðu í rúðuna hjá Kjarval.

— Áttum við að kaupa eitthvað fyrir þig?

— Þið áttuð að hafa þetta fyrir drykkelsi, sagði meistarinn, en þeir skildu ekki. — Þið megið eiga þetta, farið og kaupið ykkur að drekka. —

Þá skildu þeir og lustu upp fagnaðarópi um leið og þeir hlupu í sjoppuna.

Við ókum áfram.



— Þegar ég var á skútu rétt eftir aldamótin, þá sagði einn kallinn við mig: „Mikið helvíti leizt mér alltaf illa á þig. En það hefur rættzt úr þér.“ Þeim þótti ég eitthvað gugginn.

— Varstu þá farinn að teikna?

— Ég teiknaði stundum um borð. Bílstjóri, niður Snorrabraut og svo með sjónum. Það er svo fallett. Bara að við truflum engan. —

Hann tók ofan og bauð góðar stundir utan við vinnustofuna á Laugarnesveginum.

Gísli.



Að ofan: Silfurskúlpútur eftir Jens, sem hann nefnir Bjargfugl, en sumir þykjast raunar sjá Concorduna ensk-frönsku í verkinu. Til vinstri: Blómavasi úr silfri og til hægri: Silfurskál, allt eftir Jens Guðjónsson.



Sjá einnig næstu síðu